

## AUGLÝSING

### um takmörkun á samkomum vegna farsóttar.

#### 1. gr.

##### *Ákvörðun og markmið*

Með vísan til 2. mgr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997 hefur heilbrigðisráðherra ákveðið, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, og í samráði við ríkisstjórnina að setja á tímabundna takmörkun á samkomum eftir því sem hér greinir.

Markmið takmörkunarinnar er að hægja eins og unnt er á útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins.

#### 2. gr.

##### *Gildissvið*

Takmörkun á samkomum tekur gildi 16. mars 2020 kl. 00:01 og gildir til 12. apríl 2020 kl. 23:59.

Stjórnvöld endurmeta þörf á takmörkuninni eftir því sem efni standa til, þ.e. hvort unnt sé að aflétta henni fyrr eða hvort þörf sé á að framlengja gildistíma hennar.

Takmörkun á samkomum tekur til landsins alls.

#### 3. gr.

##### *Fjöldatakmörkun*

Í takmörkun á samkomum felst að fjöldasamkomur eru óheimilar á gildistíma þessarar auglýsingar. Með fjöldasamkomum er átt við þegar 100 einstaklingar eða fleiri koma saman, hvort sem er í opinberum rýmum eða í einkarýmum. Er þá m.a. vísað til:

- a) Ráðstefna, málþinga, funda o.þ.h.
- b) Skemmtana, s.s. tónleika, leiksýninga, bíósýninga, íþróttaviðburða og einkasamkvæma.
- c) Kirkjuathafna hvers konar, s.s. vegna útfara, giftinga, ferminga og annarra trúarsamkoma.
- d) Annarra sambærilegra viðburða með 100 einstaklingum eða fleiri.

Enn fremur skal tryggt á öllum vinnustöðum og í allri starfsemi að ekki séu á sama tíma fleiri en 100 einstaklingar inni í sama rými, s.s. á veitingastöðum, mótuneytum, kaffihúsum, skemmtistöðum, verslunum, sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, og söfnum.

#### 4. gr.

##### *Nálægðartakmörkun*

Í takmörkuninni felst einnig að á samkomum, öllum vinnustöðum og í allri annarri starfsemi skuli eftir því sem unnt er, rými skipulögð með þeim hætti að hægt sé að hafa a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga. Þessi mörk eiga einnig við um almenningssamgöngur og aðra sambærilegra starfsemi.

6. gr.

*Takmörkun gildissviðs*

Takmörkun þessi á samkomum tekur ekki til skólahalds en um það er fjallað í sérstakri auglýsingu.

Takmörkunin tekur ekki til alþjóðaflugvalla og -hafna. Það tekur jafnframt ekki til loftfara og skipa.

7. gr.

*Undanþágur*

Ráðherra getur veitt undanþágu frá takmörkun á samkomum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins eða til verndar lífs eða heilsu manna eða dýra.

*Heilbrigðisráðuneytinu 13. mars 2020.*



**Svandís Svavarsdóttir**  
heilbrigðisráðherra.

  
*Ásta Valdimarsdóttir.*